

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 459/1993.

Birgir Snær Valsson

(Jóhann Þórðarson hrl.)

gegn

dómsmálaráðherra f. h.

Landhelgisgæslu Íslands og

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Skriflega flutt mál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1993. Hann gerir þar dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndu verði dæmdir til að greiða sér 166.501,50 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1992 til greiðsludags, og verði dráttarvextir lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júlí 1993. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast stefndu þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, var mál þetta skriflega flutt hér fyrir dómi, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994.

Mál þetta var tekið til dóms í héraði að loknum munnlegum málflutningi 8. júní 1993. Dómur í því var kveðinn upp 20. október 1993, er fjórir mánuðir og tólf dagar voru liðnir frá munnlegum málflutningi. Í dóminum er ekki gefin önnur skýring á þessum óhæfilega langa drætti á uppkvaðningu hans en embættisannir dómara, og ekki kemur þar fram, að dómari og lögmenn aðila hafi verið á einu máli um, að ekki væri þörf á að endurflytja málið. Þessi dráttur á dómsuppsögu var brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, enda getur munnlegur málflutningur ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
